



Fundargerð

Fundur í skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefnd Reykhólahrepps
mánudaginn 9. febrúar 2015 kl. 10.00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Karl Kristjánsson formaður og Egill Sigurgeirsson, Rebekka Eiríksdóttir boðaði forföll.
Líka sátu fundinn Bogi Kristinsson skipulags- og byggingafulltrúi og Ingibjörg B. Erlingsdóttir
sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Formaður nefndarinnar bauð fólk velkomið og setti fundinn og leitaði afbrigða að taka eitt mál
á dagskrá undir liðnum önnur mál, var það samþykkt, þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. 1410001 – Fundargerð skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefndar 10. nóvember 2014.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. 1502014 – Endurupptaka á úrskurði um Vestfjarðaveg.

Erindi og gögn frá Skipulagsstofnun dagsett 21. janúar 2015, þar sem stofnunin óskar
athugasemda við gögn Vegagerðarinnar sem hefur óskað eftir endurupptöku á hluta
úrskurðar Skipulagsstofnunar frá 28. febrúar 2006, er varðar leið B á 2. áfanga
Vestfjarðavegar.

*Nefndin hefur farið yfir gögn málsins. Nefndin tekur undir sjónarmið Vegagerðarinnar
að rétt sé að taka upp úrskurð Skipulagsstofnunar frá 28. febrúar 2006. Lögð eru fram
drög að rökstuðningi, sveitarstjóra og skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram í
samráði við lögfræðing sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.*

3. 1210007 – Tillaga að Landsskipulagsstefnu 2015-2026.

3.1. Ósk um umsögn um tillögu að Landsskipulagsstefnu frá Skipulagsstofnun dagsett
19. desember 2014.

3.2. Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga dagsett 29. janúar 2015.

*Nefndin hefur farið yfir gögnin. Nefndin tekur undir umsögn Sambands íslenskra
sveitarfélaga frá 29. janúar 2015. Samþykkt samhljóða.*

4. 1502016 – Lóðaleigusamningar á Reykhólum og í Flatey.

Endurnýja þarf lóðaleigusamninga í Flatey og útbúa samning um Karlseyjarveg
landnr. 173431. Gera þarf samninga við aðila sem nýta jarðir og lönd í eigu
sveitarfélagsins.

*Skipulagsfulltrúa falið að útbúa lóðarblöð og stofna lóðir eftir atvikum eða afmarka
land. Samþykkt samhljóða.*

5. 1412002 – Álagning gjalda, gjaldskrá Reykhólahafnar 2015.

Vísað til nefndarinnar á fundi sveitarstjórnar þann 15. desember 2014.

Gjaldskrá Reykhólahafnar 2015 lögð fram, gerð er smávægileg breyting á 5. gr. er varðar frístundabáta minni en 10 brt. Inn í greinina komi eftirfarandi málsgrein í stað þeirrar sem fyrir er:

Frístundabátar minni en 10 brt. greiði lágmarksgjald 1.417 kr. fyrir hálfan mánuð en 2.833 kr. fyrir mánuð.

Nefndin samþykkir gjaldskrá Reykhólahafnar 2015 samhljóða, gjaldskrána skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

Mál til kynningar:

6. 1501018 – Upprunaland í Flatey, lóðablað vegna hlutar Reykhólahrepps.

Skipulags- og byggingafulltrúi lagði fram lóðarblað vegna hlutar Reykhólahrepps í Flatey. Kynnt.

7. 1502015 – Matslýsing vegna kerfisáætlunar 2015-2024 og gagnaöflun.

Erindi og skýrsla frá Landsneti.

Lagt fram.

8. 1502017 – Sameining og samvinna, niðurstöður könnunar Hafnasambands Íslands.

Lagt fram.

9. 1409002 – 370. fundur Hafnasambands Íslands 11. desember 2014 og ársreikningur 2014.

Lagt fram.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin:

10. 1502026 – Fremri-Gufudalur, breyting á deiliskipulagi.

Breyting á deiliskipulagi Fremri-Gufudals samþykkt samhljóða. Skipulagsfulltrúa falið að auglýsa deiliskipulagsbreytinguna skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 12.12.

_____	_____
_____	_____
_____	_____